

Frú Mona-Lisa Juuranto, Helsinki, stórriddarakross.
 Juha Engström, yfirliðsforingi, Helsinki, stórriddarakross.
 Henry Söderholm, skrifstofustjóri, Helsinki, stórriddarakross.
 Alec Aalto, skrifstofustjóri, Helsinki, stórriddarakross.
 Johannes Bäckström, deildarstjóri, Helsinki, stórriddarakross.
 Mika Tapanien, blaðafulltrúi, Helsinki, stórriddarakross.
 Ariel Rimón, höfuðsmaður, Helsinki, riddarakross.
 Tapani Kivimäki, höfuðsmaður, Helsinki, riddarakross.
 Ann Sandelin, forstjóri Norræna hússins í Reykjavík, riddarakross.
 Pentti Kettunen, flugstjóri, Helsinki, riddarakross.
 Sirkka Peisa, ritari, Helsinki, riddarakross.
 Eeva-Liisa Kuusamo-Saxén, ritari, Helsinki, riddarakross.
 Pekka Vilpas, yfirþjónn, Helsinki, riddarakross.
 Barbro S. Þórðarson, formaður Finnisk-íslenska félagsins Suomi, Reykjavík, riddarakross.
 Leena Peltola, ritari, Helsinki, riddarakross.
 Tapani Brotherus, sendifulltrúi, Helsinki, stórriddarakross með stjörnu.

8. nóvember:

Matti Juhani Gustafsson, menningarmálafulltrúi, Helsinki, stórriddarakross.

20. desember 1982.

Nr. 803.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Með almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um eða ætluð eru til almenningsafnota svo sem leikvelli, torg, bryggjur, skeiðvelli, íþróttavelli, útivistarsvæði, fjárréttir, markaði og opinber uppboð.

Um kvikmyndahús, leikhús, veitingastaði og önnur samkomuhús, almennar knattborðsstofur, leiktækjasali, afgreiðslustaði bifreiða og kvöldsölur gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri eftir því sem við á.

2. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferð.

3. gr.

Pegar fjölmenni safnast saman á almannafæri svo sem við afgreiðslu verslana, banka, leikhúsa eða dyr kirkna og annarra samkomuhúsa eða annars staðar þar sem almenningur kemur saman skal fólk raða sér þannig að sá sem fyrr kemur fái fyrr aðgang en sá sem seinna kemur og haga sér í öllu eftir fyrirmælum sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til þess að varðveita góða reglu.

4. gr.

Skipulagðar skruðgöngur, mótmæla- og kröfugöngur og útifundi ber að tilkynna til lögreglunnar og skulu þátttakendur hlýða fyrirmælum lögreglunnar svo að gæta megi góðrar reglu og umferðaröryggis.

5. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur, viðstadda eða þá sem búa í nágrenni.

6. gr.

Enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga eða hús utan né heldur hringja dyrabjöllu, hringja í síma eða aðhafast neitt það sem ónáðar eða móðgar heimilisfólk eða veldur því ótta.

Bannað er að hafast að nokkuð það sem raskar næturro manna að öþörfu.

7. gr.

Á götum og vegum eða þar sem hætta stafar af má ekki gera rennibrautir renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagna eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

Lögreglustjóri getur heimilað skíða-, sleða- eða rennibrautir á alfaravegi og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem leik- eða sleðagötur. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ítrustu varúðar og tillitssemi gætt.

8. gr.

Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal ávallt bera þannig að hlaupið snúi upp. Eigi má skjóta af byssu, riffli eða öðrum skotvopnum innan kaupstaðarmarka nema á sérstökum æfingasvæðum sem eru rækilega merkt og lögreglustjóri samþykkir.

Á almannafæri má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á svo sem um áramót.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá sem mannvirkið er unnið fyrir ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni eða önnur slík eldfim efni má hvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar sem hætta stafar af.

Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum sem lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri samþykkja.

Að öðru leyti vísast til laga og reglugerða um meðferð og notkun sprengiefna.

9. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar.

10. gr.

Ölvuðum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga á almannafæri, skal ráðstafað á tryggilegan hátt og skulu þeir greiða kostnað þann sem af því leiðir. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis

hafa í frammi hávaða, barsmíð eða áreitni eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafað á sama hátt þar til þeir koma til sjálfs sín aftur og skulu þeir þá, auk áfallins kostnaðar, ennfremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði er þeir kunna að hafa valdið með ölæði sínu.

11. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum, sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur eða annars staðar svo nærri landi eða skipum í höfnum að hneykslun valdi.

12. gr.

Hver sá sem staddur er á almannafæri er skyldur að segja til nafns síns og heimilisfangs og sýna persónuskilríki ef lögreglan krefst þess.

13. gr.

Almenningi er skylt að hlýða skipunum lögreglu sem gefnar eru til þess að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu á almannafæri. Ef nauðsyn ber til getur lögregla krafist sér til aðstoðar hvern fulltíða mann sem viðstaddur er til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum fyrir tjón eftir almennum reglum er þeir kunna að bíða við það á líkama eða persónulegum munum.

14. gr.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti nema hafa til þess leyfi slökkviliðsstjóra eða tæknideildar bæjarins. Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljósum bæjarins.

II. KAFLI

Reglur til að bæta öryggi vegfarenda.

15. gr.

Atvinnurekstur er óheimill á almannafæri þar sem hann tálmar umferðinni. Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum sem upp eru taldar í þessari grein.

Heimilt er að selja blöð og bæklinga á almannafæri. Með leyfi lögreglustjóra má selja á almannafæri aðgöngumiða að útisamkomum, dagskrár, merki og annað þessu skylt. Bannað er sölumönnum að gera vart við sig með hrópum eða söng frá kl. 18:00 til kl. 9:00.

Afurðir getur bæjarráð heimilað að seldar séu á torgum og öðrum stöðum að fengnu álitni heilbrigðisnefndar enda séu fyrirmæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga ekki því til fyrirstöðu að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarráðs bundið við ákveðnar tegundir afurða og er því heimilt að setja þau skilyrði fyrir leyfinu er það telur nauðsynlegt vegna hreinlætis og annars.

16. gr.

Enginn má láta fyrir berast í húsum, á lóðum, í garðhliðum eða á stöðum þar sem inn er gengið í hús eða á lóðir, án leyfis hlutaðeigandi húsráðenda. Auk þess getur lögreglan bannað mönnum að hafa við á þessum slóðum, ef hún telur að það geti valdið óþægindum eða hættu. Þá er óheimilt að fara inn í hífýli í söluverindum, ef húsráðendur banna.

17. gr.

Í alfaraleið má ekki leggja eða setja neitt það, sem tálmar umferð frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt að af því verði sem minnstur farartálmi. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið sem notað var.

Bifreiðar, vinnuvélar og reiðhjól mega ekki standa á akbrautum, torgum eða gangstéttum, sbr. þó 18. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega nema leyfi lögreglustjóra komi til.

18. gr.

Húseigendur eða umráðamenn húseigna skulu halda tilheyrandi gagnstígum, stéttum og tröppum hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er svo og hreinsa snjó af húspökum, fjarlægja grýlukerti þannig að eigi stafi hætta af fyrir gangandi vegfarendur sem eiga þar leið um.

Húseigendum er skylt að hlýta fyrirmælum lögreglu um frágang girðinga og trjágróðurs þar sem svo háttar til að það tálmar útsýni við gatnamót.

Lögreglustjóri ákveður að fengnum tillögum bæjarstjórnar hvar á götum eða torgum standa megi bifreiðir eða vagnar sem ætlaðar eru til fólks- eða vöruflutninga og setur sérstakar reglur þar að lútandi. Má í þeim reglum ákveða gjald í bæjarsjóð fyrir bifreiðastæði.

19. gr.

Eigi má hengja sjálfsala, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar utan á hús ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar. Leyfi bygginganefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar sem eru á almannafæri eða sjást þaðan. Hæð undir gluggaskýlur og auglýsingaspjöld, sem standa út frá húshlið fram yfir gagnstétt, skal minnst vera 2,70 metrar.

20. gr.

Enginn má gera skurð í götur eða torg kaupstaðarins eða alfaravegi hvar sem er né raska þeim á neinn hátt nema hann hafi til þess leyfi lögreglu og annarra yfirvalda svo sem bæjarverkfræðings, hitaveitu, rafveitu eða pósts og síma. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið svo skjótt sem kostur er og þannig að sem minnstur farartálmi sé að. Þá skal því aftur komið í samt lag sem raskað var og því haldið við í eitt ár eftir að umbót er lokið sem gild er tekin af bæjarverkfræðingi.

Ef slíkt verk dragast úr hófi fram geta bæjaryfirvöld eða lögreglustjóri eða báðir aðilar í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess er verkið átti að framkvæma. Til tryggingar því að skilmálum ofangreinds leyfis verði fullnægt geta bæjaryfirvöld krafist bankatryggingar.

Þeir sem stjórna verki skulu ætíð gæta þess að skurðir séu afgirtir og að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir með nægilega greinilegum skiltum, ljósum eða endurskinsmerkjum.

Áður en skurðgröftur er hafinn á einkalóð er skylt að leita upplýsinga um legu jarðstrengja og jarðlagna hjá rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu og pósti og síma.

Að öðru leyti geta bæjaryfirvöld og lögreglustjóri gert þær ráðstafanir er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur.

21. gr.

Þegar hús er byggt, breytt eða rifið og húsið eða einhver hluti þess liggur við almannafæri er eiganda þess eða verktaka skylt að skýra lögreglustjóra frá áður en verkið byrjar og

sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum sem lögreglustjóri setur til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri nema þar sem lögreglustjóri leyfir og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur.

Mold, mól, grjót, byggingarefni og því um líkt, er af byggingunni stafar, er óheimilt að geyma á svæði sem er innan 15 metra fjarlægðar frá brunahana. Eigandi skal flytja það burt er húsagerðinni er svo langt komið að því verði við komið.

Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað að framkvæmd lokinni eða þegar lögreglan krefst þess.

22. gr.

Nú er ásigkomulag húss eða mannvirkis þar á meðal steinveggur eða aðrar girðingar svo hrörlegt að hætt er við því að það hrynji eða hætta geti stafað af og getur lögreglustjóri eða bæjaryfirvöld þá bannað notkun þess og gert eigendunum að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist og innan tiltekins tíma. Að öðrum kosti mega bæjaryfirvöld láta vinna verkið á kostnað eiganda að undangenginni aðvörun.

Nú brennur hús eða mannvirki eða það er flutt burt án þess að annað sé byggt í staðinn og er þá eiganda þess eða umráðamanni skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óþrýði af.

Allt það sem eigandi eða umráðamaður vanrækir samkvæmt þessari grein getur lögreglustjóri eða bæjaryfirvöld látið framkvæma á kostnað eiganda.

23. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við smíðar eða viðgerðir á húsum eða öðrum mannvirkjum skal gera nægilega traust og örugg. Enda á steypustyrktarjárn má ekki láta standa bera upp í loftið í húsgrunnum eða byggingum þannig að börn eða aðrir geti hlotið skaða af. Beygja skal endann niður. Heimilt er lögreglustjóra eða byggingaryfirvöldum að gera við-eigandi öryggisráðstafanir hér að lútandi samkvæmt lögum og reglugerð um öryggisbúnað á vinnustöðum.

Vinnupallar, sem valdið geta hættu fyrir umferð á gangstéttum eða götum, er einungis heimilt að reisa með leyfi lögreglustjóra. Slíkir vinnupallar skulu fjarlægðir innan tiltekins tíma eða þegar lögreglan krefst þess.

Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess háttar skulu vera nægilega traustir. Við fjölfarnar götur skal vörður standa við stiga meðan á verki stendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað þegar vinnustaður er yfirgefinn skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt svo að ekki hljóti af slys eða hætta fyrir vegfarendur.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð þess sem verkið vinnur eða annast eða, ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanna.

III. KAFLI

Um umferð bifreiða, bifhjóla o. fl.

24. gr.

Fasta afgreiðslu bifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota að fengnum tillögum lögreglustjóra. Bæjarstjórn getur veitt leyfið í óákveðinn eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og

yfirleitt bundið leyfið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru að hennar dómi. Sé skilyrðum bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi ekki fylgt eða ef aðstæður breytast verulega að hennar dómi getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvaralaust.

Lögreglustjóri getur að fengnum tillögum bæjarstjórnar takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum ef slík umferð telst hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð og einnig takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

25. gr.

Bifreiðastjórum er algerlega bannað að gefa hljóðmerki nema umferðin gefi tilefni til þess. Bifreiðastjórar skulu gæta þess að valda eigi hávaða á annan hátt, einkum að kvöld- og næturlagi. Þeim ber að sjá um að farþegar í bifreiðum þeirra fari eigi með neinum hávaða er raski friði. Óheimilt er að haga akstri þannig, er ökutæki er tekið af stað, að af því hljótist óeðlilegur hávaði eða hvinur. Eigendum leigubifreiða og almenningsvagna er skylt að halda bifreiðum sínum hreinum og snyrtilegum.

26. gr.

Bannað er að leggja í íbúðarhverfum stórum vinnuvélum og vörubifreiðum, sendiferða- og fólksflutningabifreiðum, sem eru 2 1/2 tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara tækja er skylt að nota sérstaklega merkt bílastæði sem ætluð eru stórum bifreiðum og vinnuvélum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra.

Umferð ofangreindra bifreiða og vinnuvéla um íbúðahverfi er óheimil nema í atvinnuskyni eða af öðrum brýnum ástæðum. Þó getur bæjarstjórn í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessum reglum ef talið er að slíkt leiði ekki til slysaþættu, ónæðis eða óþæginda fyrir bæjarbúa.

Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða, strætisvagna eða vinnuvéla ganga að öpörfu svo komast megi hjá loftmengun á almannafæri eða þar sem ætla má, að það valdi óþægindum.

Notkun á vélsleðum og óyfirbyggðum vélknúnum smábílum (bílkrílum) er háð leyfi lögreglu.

27. gr.

Allur akstur á bifreiðum, jeppum og bifhjólum er óheimill utan vega eða vegarslóða þar sem hætta er á spjöllum á gróðri eða náttúru.

Allur akstur bifhjóla er óheimill á leikvöngum, leikvöllum, skrúðgördum og á öðrum slíkum stöðum.

Bæjarstjórn getur bannað alla umferð vélknúinna ökutækja á tilteknum útivistarsvæðum.

28. gr.

Á gangstéttum er óheimilt að halda kyrru fyrir eða staðnæmast þar til langframa svo að truflun valdi, og eigi má bera, draga eða á annan hátt flytja með sér fyrirferðamikla hluti sem tálma umferð.

Heimilt er að aka á reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn, sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða reiðhjól.

29. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum umferðarlaga og reglugerðum þeim sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

IV. KAFLI

Um friðun almenningseigna.

30. gr.

Auglýsingar um umgengni við sundlaug, skemmtigarða, kirkjugarð, leikvelli, íþróttavelli, tjaldsvæði og önnur opinber svæði, láta bæjaryfirvöld eða hlutaðeigandi forráðamenn birta á viðeigandi hátt.

Ekki má skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða rispa, tjarga, mála, teikna á eða óhreinka mannvirki eða hluti, hverju nafni sem nefnast, sem ætlaðir eru til almenningsnota, svo sem hús, minnisvarða, símaklefa, biðskýli, götuljós, umferðarmerki, nafnspjöld og töluspjöld á húsum, bekki og girðingar.

31. gr.

Enginn má skemma girðingar né heldur klifra yfir þær eða upp um þær. Enginn má skemma, troða né spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem þar er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur né spilla neinu á grasreitum eða saurga þá á nokkurn hátt.

32. gr.

Enginn má skemma, lýta, óhreinka eða spilla almenningseignum á annan hátt, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, ljósker, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almenningsnota.

Enginn má raska eða skemma raflínur, síma-, vatns-, hitaveitu- eða skolpleiðslur. Verði einhver valdur að slíku, skal tilkynna það þegar í stað til hlutaðeigandi stofnunar. Hver sá, sem brýtur gegn ákvæðum þessa kafla, skal auk sekta greiða skaðabætur fyrir það tjón, sem hann veldur.

V. KAFLI

Um uppfestar auglýsingar, götuspjöld og húsnúmer.

33. gr.

Auglýsingar um skemmtanir og samkomur, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Lögreglustjóri getur bannað auglýsingaspjöld, ljósauglýsingar, glitaugu og annað sem getur valdið hættu eða óþægindum fyrir umferð eða íbúa vegna staðsetningar þeirra.

34. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigandi taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Sé því ekki sinnt geta bæjaryfirvöld fjarlægð þær á kostnað auglýsanda. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

35. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefur látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð, skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja ef á þarf að halda.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o. fl.

36. gr.

Leyfi lögreglustjóra þarf til að reka veitingasölu og halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, leiksýningar, söngskemmtun, íþróttasýningu o. s. frv. sem almenningi er boðið til eða seldur aðgangur að. Jafnframt þarf leyfi heilbrigðiseftirlits til reksturs veitingasölu og samkomuhúsa.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfið þeirri kvöð að lögreglumenn og slökkviliðsmenn verði á skemmtistað og haldi þeir uppi löggæslu og eftirliti á staðnum allan samkomutímann og er leyfishafa skylt að hlíta fyrirmælum þeirra til að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti.

Kostnað við löggæslu þessa greiði skemmtanahaldari að því leyti sem hann er ekki greiddur af almannafé samkvæmt venjulegum reglum um starf lögreglumanna. Sömu reglur gilda um almennar útisamkomur að svo miklu leyti sem því verður við komið.

37. gr.

Allir staðir, þar sem rekin er almenn veitingasala, og gististaðir fyrir almenning skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við veitingarnar. Á öllum gistihúsum skal halda nákvæma gestaskrá.

38. gr.

Hverjum þeim sem hefur á hendi veitingasölu eða selur gistingu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því að nokkuð það fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi sem er á móti góðri reglu og velsæmi. Hann skal sjá um að fjöldi gesta takmarkist við leyfilegan hámarksfjölda samkvæmt rekstrarleyfi og að loftræsting og hreinlæti sé í góðu lagi.

39. gr.

Matsölur og kaffihús er heimilt að hafa opin frá kl. 06:00 til kl. 23:30.

Dans- og veitingahús og veitingastaði, sem leyfi hafa til áfengisveitinga, er heimilt að hafa opna frá kl. 18:00 til kl. 01:00, en aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags til kl. 03:00. Aðgangur er heimill þar til einni klukkustund fyrir lokunartíma og allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar en hálfri stundu eftir að lokað er. Leyfi lögreglustjóra þarf þó til að hafa opið lengur en til kl. 23:30. Lögreglustjóri getur heimilað í sérstökum tilfellum að vínveitingahús verði opnuð fyrir kl. 18:00. Þá er ennfremur heimilt að selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá náttstað á veitingastaðnum eftir lokunartíma.

Um opnunartíma verslana og söluturna gildi ákvæði laga nr. 17 frá 1936, sbr. núgildandi samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Hafnarfirði frá 16. febrúar 1968.

40. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórn hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmynda-sýningar utan fastra kvikmyndahúsa og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjar-sjóð.

41. gr.

Knattborðs- og leiktækjastofur, þar sem rekstur knattborða, spilakassa og leiktækja er meginhluti starfseminnar, má ekki starfrækja nema með leyfi bæjarstjórnar. Bæjarstjórn ákveður gjald fyrir leyfið sem veitt skal til eins árs í senn. Knattborðs- og leiktækjastofur mega vera opnar frá kl. 09:00 til kl. 23:00. Í rekstrarleyfi getur bæjarstjórn bannað aðgang barna yngri en 16 ára.

VII. KAFLI

Um útivistartíma barna og unglinga o. fl.

42. gr.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20:00 og ekki eftir kl. 22:00 tímabilið 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, aðstandendum sínum eða umsjónarmönnum.

Unglingar yngri en 15 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22:00 tímabilið 1. september til 1. maí og ekki eftir kl. 23:00 1. maí til 1. september, nema í fylgd með fullorðnum, eða um sé að ræða beina heimferð frá skólaskemmtun, íþróttasamkomu eða frá annarri viðurkenndri æskulýðsstarfsemi.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess er þjónustuna veitir.

Óheimilt er að selja unglingum undir 16 ára aldri sigarettur eða aðrar tóbaksvörur. Barnaverndarnefnd skal vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

43. gr.

Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20:00 öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til vínveitinga um lengri eða skemmri tíma.

Peir sem hafa forsjá eða foreldraráð barna og ungmenna skulu gæta þess að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum. Úrdráttur úr ákvæði þessarar greinar skal hanga á áberandi stað í öllum skólum skyldunáms, almennum veitingahúsum og samkomustöðum í lögsagnarumdæminu og sér viðkomandi barnaverndarnefnd ásamt lögreglu um að þessu sé framfylgt.

Bannað er að unglingar innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum þar sem ætla má að siðferði þeirra sé sérstök hættu búin. Þegar sérstaklega stendur á getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist barna allt að 16 ára aldri. Lögreglustjóri getur og í sérstökum tilfellum veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar að fengnum tillögum barnaverndarnefndar. Barnaverndarnefnd er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

44. gr.

Óheimilt er að sýna opinberlega, stilla út í sýningarglugga eða á annan hátt að birta myndir sem að dómi barnaverndarnefndar eru siðspillandi hvort sem það eru ljósmyndir,

veggauglýsingar eða kvikmyndir og getur lögreglustjóri eða barnaverndarnefnd bannað sýningu þeirra eða takmarkað aðgang við ákveðið aldursmark. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna eftir því sem við á.

VIII. KAFLI

Um samgang við skip.

45. gr.

Lögreglustjóri er heimilt að banna samgang við erlend skip ef hann telur þess þörf til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu.

Slökkviliðsstjóri getur takmarkað samgang við skip sem flytja eldfim efni svo sem olíuskip.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

46. gr.

Á almannafæri, innan hafnarinnar og á fjörum má eigi kasta hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum brjóta flöskur, fleygja eða skilja eftir grjót, mold, mól, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, múrbrot, spýtnasprek, bílhræ eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér talið sérstaklega, sem valdið getur óheilmæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óþrýði.

Aðeins er heimilt að henda mold, grjóti, sorpi og úrgangi á staði sem til þess eru ætlaðir og bæjaryfirvöld vísa á til þeirra nota.

Hvers kyns taka og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask, svo sem taka á hraunhellum, grjóti eða sandi, er óheimil í bæjarlandinu nema með samþykki bæjaryfirvalda.

47. gr.

Tunnur eða önnur ílát með sorpi, slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum sem ódaun leggur af eða óþrifanaði veldur.

Fiskúrgang, áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum, vel þéttum. Þeir sem flytja vörur, fisk, fiskúrgang og annað um götur bæjarins skulu gæta þess vandlega að flutningstæki séu þannig gerð og hleðslu þannig háttað að ekki valdi óþrifnaði. Ef eitthvað losnar af við flutninginn, fermingu eða affermingu skal sá er flytur eða flutningum ræður skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

48. gr.

Eigendur verslana og söluturna skulu annast hreinsun á öllu rusli sem hlýst af rekstrinum, að minnsta kosti daglega. Þeir skulu koma upp sorpkössum og tæma þá. Þeir skulu og ganga tryggilega frá sorpgeymslum og hreinsa upp allt rusl sem berast kann út á aðliggjandi götur, torg eða lóðir.

49. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði eða þar sem þeir koma saman á víðavangi, hvar sem er innan lögsagnarumdæmisins. Ber að hreinsa vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli áður en staðurinn er yfirgefinn og grafa ruslið vandlega niður eða flytja það burt. Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á slíkum stöðum.

Óheimilt er að brenna sinu eftir 30. apríl ár hvert. Landeigandi skal tilkynna slökkviliðsstjóra um fyrirhugaðan sinubruna.

Óheimilt er að kveikja elda eða brenna rusli eða sorpi innan bæjarins nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

50. gr.

Bannað er að setja upp girðingar sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t. d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum. Skyld er hús- eða lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða stuðla að því að slíkt berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því að óhreinindi berist af lóð annars manns.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skyld að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri, svo og tilheyrandi lóð og girðingum. Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, ógangfærar bifreiðar, bílhræ og því um líkt á lóðum þannig að það snúi að almannafæri. Óheimilt er að geyma hjólhýsi, báta eða óskrasettar bifreiðar á bifreiðastæðum, bæjarins, við götur eða á almannafæri. Lögreglu eða bæjaryfirvöldum er heimilt að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni almennri áskorun sem birt er í bæjar- eða dagblöðum.

Að undangenginni almennri auglýsingu bæjaryfirvalda er heimilt að framkvæma lóðarhreinsun á kostnað eiganda eða umráðamanns. Hreinsunardeild bæjarins er heimilt að halda hlutum sem fjarlægðir voru til tryggingar því að hreinsunarkostnaður á lóðinni verði greiddur. Bæjarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni sem verður á hlut við framangreinda hreinsun.

Auk ákvæða þessa kafla gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar eftir því sem við á.

X. KAFLI

Um búfjárhald, hundahald o. fl.

51. gr.

Búfjárhald (nautgripa-, hrossa-, svína-, geita-, fiðurfjár- og sauðfjárhald) er heimilt í landi kaupstaðarins að fengnu sérstöku leyfi og með skilmálum, sem bæjarráð setur.

Að öðru leyti vísast til reglugerðar um búfjárhald í Hafnarfirði um skilyrði fyrir leyfi til búfjárhalds o. fl.

52. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því.

Búfénaður má ekki ganga laus um götur bæjarins né annars staðar innan lögsagnarumdæmisins nema maður fylgi til að gæta þess eða það sé í öruggri vörslu. Ef út af er brugðið varðar það sektum. Ennfremur greiði eigandi allan kostnað við handsömun og varðveislu þess. Selja má búféð til lúkningar kostnaði þessum, ef eigandi greiðir hann ekki. Salan skal fara fram innan þeirra tímamarka og samkvæmt þeim reglum sem settar eru í reglugerð um fjallskil fyrir Hafnarfjörð og Gullbringusýslu.

53. gr.

Hesta, sem fara hirðulausir um bæinn, skal lögreglan hýsa og fódra. Um ábyrgð og kostnað fer eins og segir í 52. gr.

54. gr.

Loðdýr (dýr sem alin eru vegna feldsins), alifugla og tamda fugla, svo sem dúfur, má ekki ala án samþykkis heilbrigðisnefndar og að uppfylltum skilyrðum sem hún setur um hýsingu og aðra aðstöðu.

55. gr.

Á vegum skulu ríðandi menn fara eftir gildandi umferðarreglum.

Óheimilt er að ríða hestum um götur bæjarins þar sem þéttbýlt er en lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

56. gr.

Hundahald er bannað í Hafnarfirði. Þó er bærstjórn heimilt að veita undanþágur til hundahalds.

Reglur og skilyrði fyrir leyfi til hundahalds eru í sérstakri samþykkt um hundahald í Hafnarfirði.

XI. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

57. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir allt lögsagnarumdæmið.

58. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum samkvæmt gildandi lögum ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Hagnaður sá er sakborningur kann að hafa af broti sínu og enginn tiltekinn aðili á löglegt tilkall til skal upptækur ger og renna, auk sekta, í ríkissjóð.

59. gr.

Ef einhver lætur það ógert sem skylda hans er að framkvæma skv. samþykktinni má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni. Kostnaður við þetta og kostnaður sem leiðir af þeim ráðstöfunum sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni greiðist af brotamanninum eða ef hann er eigi um það fær úr ríkissjóði.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bærstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað nr. 80 17. desember 1928.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.